

## Þriggja mánaða uppgjör Landsvirkjunar

### Mikil eftirspurn og hærra verð til stórnotenda

#### Helstu atriði árslutareiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 82,5 milljónum USD (10,6 mö.kr.), en var 50,1 milljón USD á sama tímabili árið áður og hækkar því um 64,5%.<sup>1</sup>
- Hagnaður tímabilsins var 115,2 milljónir USD (14,7 ma.kr.), en var 31 milljón USD á sama tímabili árið áður.
- Rekstrartekjur námu 164,8 milljónum USD (21,1 mö.kr.) og hækka um 34,1 milljón USD (26,1%) frá sama tímabili árið áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 110 milljónir USD (14,1 ma.kr.) frá áramótum og voru í marslok 1.390,9 milljónir USD (178 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 131 milljón USD (16,8 mö.kr.), sem er 53,4% hækkun frá sama tímabili árið áður.
- Meðalverð til stórnotenda án flutnings var 41 USD á megavattstund, sem er hæsta verð á einum ársfjórðungi í sögu Landsvirkjunar.

#### Hörður Arnarson, forstjóri:

„Rekstur Landsvirkjunar gekk vel á fyrsta ársfjórðungi í afar krefjandi umhverfi sem einkenndist af mikilli eftirspurn eftir raforku, langvarandi dræmu innrennsli til lóna og tíðum óveðrum á rekstrarsvæðum fyrirtækisins. Afhending forgangsorku jókst um 2% til stóriðju og um 20% til heimila og smærri fyrirtækja. Á tímabilinu þurfti hins vegar að grípa til tímabundinna skerðinga á skerðanlegum raforkusamningum, en þeim hefur nú verið aflétt.

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði, sem gefur að mati stjórnenda skýrasta mynd af afkomu félagsins, hækkar um 64,5% frá fyrra ári og var 10,6 ma.kr. og hefur áður ekki verið hærrí. Aukinn hagnað má einkum rekja til hækkunar á raforkuverði til stórnotenda. Hagnaður tímabilsins eftir skatta var 14,7 ma.kr, 3,7 faldast frá fyrra ári, en um helming hagnaðarins má í þetta sinn rekja til óinnleysta fjármagnsliða.

Sjóðstreymið var afar sterkt á tímabilinu, eða 16,8 milljarðar og skilaði það sér að mestu, eða 14,1 milljarður, í lækkun á nettó skuldum.


Meðalverð til stórnotenda án flutnings var hærra en það hefur áður verið í sögu Landsvirkjunar, eða 41 dollarar á megavattstund. Í kjölfar endursamninga á síðustu misserum er nú svo komið að flestir viðskiptavinir Landsvirkjunar borga verð sem er sambærilegt við það sem gengur og gerist í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Þessi ánægjulega þróun er í samræmi við hlutverk okkar, að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir og skila arðinum til eigenda okkar, íslensku þjóðarinnar.

<sup>1</sup> Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 128

Rekstur aflstöðva gekk áfram vel á tímabilinu, þrátt fyrir áskoranir vegna óveðra í febrúar og erfiðleika í vatnsbúskapnum, en ársfjórðungurinn var einn sá erfiðasti í sögu fyrirtækisins í þeim efnum. Mikið mæddi á starfsfólki Landsvirkjunar við þessar krefjandi aðstæður og er því full ástæða til að þakka því fyrir vel unnin störf.“


## Rekstur

### Þróun rekstrartekna




Rekstrartekjur námu 165 m. USD á fyrsta ársfjórðungi, sem er 26% hækkun miðað við sama tímabil árið áður, og hafa þær aldrei verið hærri á einum ársfjórðungi. Verð á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum hefur verið óvenju hátt upp á síðkastið, sem skýrir bróðurpart þessarar hækkunar.

### EBITDA og EBITDA hlutfall




Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og virðisrýrnun, EBITDA, nam 129 m. USD á ársfjórðungnum og hefur aldrei verið hærri. Þessi hækkun er í takti við háar rekstrartekjur.

### Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaðurinn nam 82 m. USD á ársfjórðungnum og endurspeglar sterkan grunnrekstur Landsvirkjunar.


### Áhrifabættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði




### Sterkt sjóðstreymi

Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 131 m. USD á ársfjórðungnum, sem er 46 m. USD hærra en árið áður. Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádrögnum handbæru fé fyrirtækisins) lækkuðu um 110 m. USD frá áramótum.

## Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé nam 140 m. USD í lok ársfjórðungsins, sem er um 42 m. USD hækkun frá árslokum 2021.



## Horfur í rekstri

Rekstrarumhverfi Landsvirkjunar er mjög hagstætt um þessar mundir og einkennist af mikilli eftirspurn eftir raforku og sögulega mjög háu verði á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum. Þeir erfiðleikar sem steðjuðu að vatnsbúskap fyrirtækisins á fyrsta ársfjórðungi eru nú yfirstaðnir og hefur skerðingum á skerðanlegum raforkusamningum verið aflétt. Horfur í rekstri eru því góðar um þessar mundir, en afkoman mun áfram litast af stöðu á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum.

Reykjavík, 19. maí 2022

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri sviðs fjármála og upplýsingatækni  
s. 515 9000

## Um árslutareikninginn

Árslutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

## Helstu stærðir árslutareiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	<b>2022</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
	<b>1.1.-31.3.</b>	<b>1.1.-31.3.</b>	<b>1.1.-31.3.</b>	<b>1.1.-31.3.</b>	<b>1.1.-31.3.</b>
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	192.636	135.826	124.886	131.388	142.810
Innleystar áhættuvarnir .....	( 27.836)	( 5.118)	1.276	1.769	( 1.648)
<b>Rekstrartekjur samtals .....</b>	<b>164.800</b>	<b>130.708</b>	<b>126.162</b>	<b>133.157</b>	<b>141.162</b>
Rekstrar- og viðhaldskostnaður .....	( 35.346)	( 32.882)	( 32.111)	( 30.706)	( 35.893)
<b>EBITDA .....</b>	<b>129.454</b>	<b>97.826</b>	<b>94.051</b>	<b>102.451</b>	<b>105.269</b>
Afskriftir og virðisryrnun .....	( 34.879)	( 34.128)	( 31.955)	( 33.696)	( 30.623)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT) .....</b>	<b>94.575</b>	<b>63.698</b>	<b>62.096</b>	<b>68.755</b>	<b>74.646</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 12.102)	( 13.558)	( 16.114)	( 18.292)	( 18.720)
<b>Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði .....</b>	<b>82.473</b>	<b>50.140</b>	<b>45.982</b>	<b>50.463</b>	<b>55.926</b>
<b>Óinnleystir fjármagnsliðir:</b>					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða .....	162.243	3.124	( 23.792)	6.842	( 39.556)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða .....	( 62.119)	( 12.087)	5.902	( 5.002)	16.879
Óinnleystur gjaldeyrismunur .....	115	5.224	19.916	9.366	( 18.856)
	100.239	( 3.739)	2.026	11.206	( 41.533)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>182.712</b>	<b>46.401</b>	<b>48.008</b>	<b>61.669</b>	<b>14.393</b>
Tekjuskattur .....	( 67.504)	( 15.448)	( 14.940)	( 20.508)	( 5.328)
<b>Hagnaður .....</b>	<b>115.208</b>	<b>30.953</b>	<b>33.068</b>	<b>41.161</b>	<b>9.065</b>
<b>Efnahagur</b>	<b>31.3.2022</b>	<b>31.3.2021</b>	<b>31.3.2020</b>	<b>31.3.2019</b>	<b>31.3.2018</b>
Eignir samtals .....	4.642.751	4.409.554	4.341.997	4.440.665	4.712.186
Eigið fé samtals .....	2.477.181	2.260.227	2.260.836	2.200.167	2.072.166
Skuldir samtals .....	2.165.570	2.149.327	2.081.161	2.240.498	2.640.020
Nettó skuldir .....	1.390.904	1.608.064	1.637.277	1.801.882	2.038.072
<b>Lykiltölur</b>					
Handbært fé frá rekstri .....	131.024	85.443	75.412	83.989	81.142
Fjárfestingar .....	( 15.468)	( 25.385)	( 19.272)	( 17.832)	( 42.582)
Fjármögnun .....	( 74.159)	( 552)	( 66.471)	( 54.022)	160.679
Lausafé alls .....	290.278	311.801	276.792	474.338	716.710
Eiginfjárhlutfall .....	53,4%	51,3%	52,1%	49,5%	44,0%
Arðsemi eiginfjár .....	10,3%	3,4%	4,9%	7,4%	3,4%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld) .....	7,83x	5,93x	5,58x	4,75x	5,55x
Nettó skuldir / EBITDA .....	3,05x	4,87x	4,42x	4,66x	5,62x

## Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Framtíðarsýn Landsvirkjunar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.